

Starfsáætlun

Djúpavogsskóla

2025-2026

Ábyrgðarmaður:

Þorbjörg Sandholt

thorbjorg.sandholt@mulathing.is

Djúpavogsskóli

Varða 6

765 Djúpivogur

www.djupavogsskoli.is

Efnisyfirlit

Formáli	3
Framtíðarsýn	3
Stefnumiðuð vinna og innra mat	3
Skólastefna Djúpavogsskóla	3
Áætlun um umbætur og þróunarstarf	4
Stjórnskipan og starfsfólk	4
Starfsfólk Djúpavogsskóla 2025-2026	4
Áherslur í skólastarfinu	4
Einkunnarorð skólans	6
Símenntunaráætlun	6
Almennar upplýsingar	7
Skóladagatal	7
Dagsskipulag skólans	7
Frístund - Lengd viðvera	8
Heimanám	8
Húsnæði – skólalóð	8
Móttaka nýrra nemenda	8
Mötuneyti – nesti	8
Skólaakstur	9
Reiðhjól	9
Fatnaður – skór og óskilamunir	9
Skólabækur – námsgögn	9
Skólabókasafn/héraðsbókasafn	9
Viðbrögð við óveðri	10
Útivistartími	10
Gestanemendur	10
Skólareglur	10
Skólasókn og leyfisveitingar:	11
Tilhögun kennslu	11
Útfærsla Djúpavogsskóla á viðmiðunarstundaskrá	12

Djúpavogsskóli Varða 6
Sími: 4708710
Ábyrgðarmaður: Þorbjörg Sandholt
thorbjorg.sandholt@mulathing.is

Valgreinar	12
Kennsluáætlanir	12
Umsjónarkennarar við Djúpavogsskóla	13
Forföll kennara	13
Mentor.is	13
Námsmat	13
Samskiptadagar	13
Google Classroom	13
Tónlistarskóli Djúpavogs	14
Ráð og nefndir	14
Fræðslunefnd	14
Skólaráð	14
Matsnefnd 2025 – 2027	15
Austurlandsteymið/Nemendaverndarráð	15
Nemendafélag	16
Skólaskrifstofa Múlapings	16
Skólahjúkrunarfræðingur	16
Áfallaráð - viðbrögð við áföllum	16
Meðferð eineltismála	16
Jafnréttisáætlun	17
Rýmingar- og eldvarnaráætlun	17
Samstarf og nærumhverfi	17
Samstarf leik- og grunnskóla	17
Samstarf við framhaldsskóla	17
Foreldrafélagið	17
Samstarf grunn- og tónlistarskólans og Hótels Framtíðar	17
Félagsþjónusta Múlapings	17
Stoðþjónusta Djúpavogsskóla	18
Hefðir og venjur í Djúpavogsskóla	18

Formáli

Stefna og verklag skóla skal birta með tvennum hætti. Annars vegar skal birta almenna stefnumörkun í skólanámskrá sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun.

Í árlegri starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 kennsludögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið. Starfsáætlun þessi er yfirfarin og má finna á heimasíðu Djúpavogsskóla.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn og markmið skólans er að skólinn sé:

- Þekktur fyrir að vinna eftir hugmyndafræði Cittaslow.
- Þekktur fyrir fjölbreytta kennsluhætti og framsækna og faglega kennslu.
- Þekktur fyrir áherslur á hæglæti, heilsueflingu, núvitund og velferðarkennslu.
- Þekktur fyrir virkni og nýsköpun.
- Þekktur fyrir samstarf og tengingu við atvinnulíf og menningarstarf.
- Þekktur fyrir list- og verkgreinar og skapandi starf.
- Þekktur fyrir ánægju nemenda, foreldra og starfsfólks.

Skólaárið 2025-2026 mun starfsfólk Djúpavogsskóla vinna áfram að því að byggja upp fjölbreytta og faglega kennslu í skólanum. Leggja áherslu á velferðarkennslu og skapandi hugsun. Vinna áfram að því að festa hæglætis hugmyndafræði í sessi með því að flétta efnispáttum Cittaslow inn í skólanámsskrá Djúpavogsskóla og vinna þvert á greinar. Áhersla verður lögð á að efla samstarf milli heimila og skóla og við allt nærsamfélagið.

Djúpavogsskóli leggur metnað sinn í að vinna vel með foreldrum og nemendum þannig að sú samvinna leiði til ánægju allra sem mynda skólasamfélagið. Við viljum að Djúpavogsskóli sé eftirsóttur vinnustaður með áherslu á teymisvinnu og lausnamiðaðanálgun, styðjist við fjölbreyttar leiðir í kennslu og nýti sér nýjustu tækni.

Stefnumiðuð vinna og innra mat

Skólastefna Djúpavogsskóla

Menntastefna Múlaþings er í vinnslu og á meðan starfar Djúpavogsskóli eftir skólastefnu skólans 2019-2023. Kennsluhættir Djúpavogsskóla taka mið af þeirri skólastefnu sem aðgengileg er á heimasíðu Djúpavogsskóla.

Stefna skólans skilgreinir fimm flokka meginmarkmiða til að vinna að í skólastarfi sveitarfélagsins og eru flokkarnir eftirfarandi:

- Cittaslow – Áhersla á hæglæti og velferð.
- Mannauður - Efla og styrkja mannauð skólans, starfsþróun og styrkleika hvers og eins.
- Nám/kennsla - Námið sé þroskandi og við hæfi hvers og eins.
- Umhverfi og samfélag – Stuðla að góðu samstarfi við allt nærsamfélagið og taka tillit til umhverfispátta og náttúru í skólastarfinu.
- Skólaþróun – svigrúm til að þróast m.t.t. aðstöðu, kennsluhátta og skipulags í takt við skólaþróun samtímans.

Á skólaárinu verður unnið eftir umbótalista sem unnin er upp úr innra mati skólans frá árinu áður. Unnið verður að því að efla áfram og styrkja þær stoðir sem eru í skólastefnu skólans og sveitarfélagsins.

Stefna skólans og áherslur er leidd af stjórnendum en mikil áhersla er á að virkja raddir allra hagaðila og er skólaþingið einn þáttur í þeirri vinnu.

Áætlun um umbætur og þróunarstarf

Á hverju ári er gögnum safnað til að halda utan um skólastarfið, skólaþróun og umbætur og þau gögn notuð í innra mat/sjálfsmat skólans. Innra mat skólans er unnið jafnt og þétt yfir veturinn og innra mats skýrsla gefin út á haustdögum árið eftir og mótar starf vetrarins.

Upplýsingar sem nýttar eru í umbætur og þróunarstarf er aflað með fjölbreyttum hætti s.s.

- Skólaþing vor 2026.
- Skólapúls. Nemendur í 2.-10. bekkur, árlega. Foreldrar mars 2026. / Starfsmenn í mars 2027.
- Íslenska æskulýðsrannsóknin – lögð fyrir nemendur í 6.-10. bekk í október 2024.
- Fundargerðir starfsfólks.

Skólaþing Djúpavogsskóla er mikilvægur vettvangur fyrir allt skólasamfélagið að hittast og eiga uppbyggilegt samtal um framtíðarsýn og stefnumótun skólans. Samantekt frá skólaþingi er birt í innra mati skólans og er sýnilegt nemendum á veggjum skólans.

Í 36.gr.laga um grunnskóla nr.91/2008 er kveðið á um að hver grunnskóli skuli meta með

kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitarfélög eiga að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 37. gr. laganna. Upplýsingar um innra mat má finna á heimasíðu skólans:


<https://www.djupavogsskoli.is/sjalfsmat>

Niðurstöður innra mats eru birtar á heimasíðu skólans um leið og það er tilbúið og út frá því er unnin umbótaáætlun sem einnig er birt á heimasíðu.

Stjórnskipan og starfsfólk

Í skipuritinu hér til hliðar má sjá stjórnskipan skólans. Sérstök áhersla er lögð á að stjórnendur vinni vel saman sem teymi og beri sameiginlega ábyrgð á daglegri stjórnun skólans og faglegri þróun hans. Stjórnendur vinna jafnframt eftir stefnu og einkunnarorðum skólans og leggja sig fram um að efla faglegan styrk hans í samvinnu við kennara og starfsfólk. Yfirmaður skólastjóra er fræðslustjóri Múlaþings Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir. Grunnskólafulltrúi er Stefanía Malen Stefánsdóttir

Skipurit Djúpavogsskóla



Starfsfólk Djúpavogsskóla 2025-2026

Við Djúpavogsskóla starfar faglegt og lausnamiðað starfsfólk. Uppfærður starfsmannalisti er birtur á heimasíðu skólans að hausti en þar má finna bæði hlutverk hvers starfsmanns og tölvupóstfang þeirra.

Áherslur í skólastarfinu

Skólinn á að vera öruggt skjól þar sem börn eiga að geta stundað nám og þar á þeim að líða vel. Nemendur eiga að fá tækifæri til að þroskast og dafna auk þess að fá tækifæri til að afla sér þekkingar, hæfni og leikni. Skólanum ber að styrkja sjálfstraust nemenda og auka þeim víðsýni og samstarfshæfni. Þannig geta þeir á farsælan hátt tekist á við lífið í síbreytilegu samfélagi nútímans og lagt sitt af mörkum til að bæta það.


Áherslur skólans og verkefni eru eftirfarandi:

- **Teymiskennsla:** Djúpavogsskóli starfar samkvæmt hugmyndafræði um teymiskennslu þar sem skipulagning, kennsla og úrvinnsla kennslu fer fram að langmestu leyti í teyimum. Með teymiskennslunni

er leitast við að kenna enn frekar þvert á árganga með það að leiðarljósi að koma betur til móts við nemendur og efla fjölbreyttar kennsluáðferðir.

- **Leiðsagnarnám:** Djúpvagsskóli starfar samkvæmt hugmyndafræði Leiðsagnarnáms (LSN). [Leiðsagnarnám](#). Með Leiðsagnarnámi er lögð áhersla á að efla og þróa jákvæða og uppbyggjandi námsmenningu. Unnið er að því að styrkja og valdefla nemendur með það að markmiði að hver og einn viti hver staðan er í eigin námi og hver séu námsmarkmið þeirra. Auk þess að nemendur fái góða og leiðbeinandi endurgjöf til að efla eigin árangur.
- **Uppeldi til ábyrgðar:** Unnið er að uppeldi til ábyrgðar í öllu skólastarfinu út frá verkáætlun. Hugmyndafræðin miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum og leysa úr málum á farsælan hátt. <https://uppbygging.is>
- **Cittaslow:** Í skólastarfinu endurspeglast Cittaslow hugmyndafræðin í öllu starfi skólans. Viðmiðum hæglatishreyfingarinnar er fléttað inn í námsmarkmið og skipulag náms á öllum stigum. Einnig er unnið eftir hugmyndafræðinni í þverfaglegum verkefnum sem tengd eru hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Einnig skal náms- og starfsumhverfi í Djúpvagsskóla taka mið af hugmyndafræði Cittaslow og skal það endurspeglast í hvetjandi námsumhverfi, hæglati og velferð í skólastarfinu.
- **Byrjendalæsi (BL)** er viðurkennd aðferð í læsiskennslu og er notuð á yngsta stigi skólans. Meginmarkmið er að börn nái góðum árangri í læsi í viðum skilningi (svo sem leshraði, lesskilningur og ríkur orðaforði) sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsi er vel fest í sessi við Djúpvagsskóla og lærður leiðtogi í BL og stýrir BL starfi skólans. Djúpvagsskóli hefur hlotið vottun sem Byrjendalæsissskóli sem þarf að endurskoða árvisst og viðhalda.
- Á skólaárinu hefst innleiðing nýrra **hæfniviðmiða Aðalnámskrá Grunnskóla** sem kallar á endurskoðun greinanámskrár sem er í stöðugri þróun og birt á heimasíðu skólans.
- **Skóli á grænni grein** (Grænfáni) er verkefni í samvinnu við Landvernd og styður verkefnið vel við heilsueflandi hugmyndir, hæglati og fleiri áherslur skólans sem snúa að umhverfi og sjálfbærnivitund. Mikil áhersla er á heilsueflingu og velferð og unnið er að því að skólinn fái Grænfána.
- **Viðbragðskerfi vegna hegðunar og framkomu** (afleiðingakerfi) var tekið upp haustið 2024 undir handleiðslu Vöndu Sigurgerisdóttur. Unnið er í bekkjartímum með félagsfærni, samskipti, menningu, vináttuþjálfun, skólabrag, leiðtogavinnu o.s.frv. Allt tengist þetta forvörnum gegn neikvæðri hegðun og ýtir undir jákvæða hegðun. Í afleiðingakerfinu fær nemandi tækifæri til að velja sig frá ákveðinni hegðun.

Til þess að skóli sé lifandi, virkur og skapandi er mikilvægt að draga atvinnulífið inn í skólann, samfélag og menningu, nýta tæknilegar lausnir og samþætta ólíka strauma og vinna þvert á greinar. Þannig hafa nemendur, sem þess þurfa, eigi kost á því að sækja að einhverjum hluta starfsnám í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.



Ef tekst að ná þessum þáttum inn í daglegt starf skólans þá getur það leitt til ríkari þekkingar, leikni og hæfni samkvæmt aðalnámskrá. Stefna skóla og hugmyndafræði fléttast inn í skólastarfið og aðalnámskráin gefur mikið svigrúm til að auðga skólastarfið með áherslum sem ekki byggja eingöngu á bóknámi. Á myndinni má sjá þær

Þeir sem skólastarfið hvílir á og þá þætti sem reynt er að draga inn í skólastarfið til þess að geta stuðlað til þess að tryggja gæðum og skapandi námi. Leitast er við að skipuleggja nám og kennslu með það að leiðarljósi að nemendur fái þann besta námsgrúm og aðhald sem þeir þurfa til að öðlast skilgreinda þekkingu, leikni og hæfni.

ersla er á að útskrifa ungmennti sem þekkja sjálfbærni og geta sýnt samfélagsábyrgð. Ungmennti sem hafa
inkað sér jákvæðan lífsstíl, hafa sterka sjálfsmynd og kunna sjálfsaga. Ungmennti sem þora að skapa eitt hv
t og hafa hugrekki til að tjá sig um hugmyndir og fylgja þeim eftir. Það er mikilvægt fyrir hvert samfélag
r sem starfa og lifa innan þess hafi af því ánægju og líði vel. Það er því mikilvægt að skólabragur einkennis
ræðislegum starfsháttum og gæti þess að hlustað sé með opnum huga á raddir nemenda, foreldra
rfsfólks í skólasamfélaginu.

Þekktunnarorð skóla

kunnarorð skólans eru eftirfarandi:

- Hugrekki

Við höfum hugrekki og frelsi til að vera framsækin.

Við sýnum hugrekki með því að taka ábyrgð á eigin viðhorfum og gjörðum.

- **Virđing**

Við berum virðingu fyrir fjölbreytileika nemenda, foreldra og starfsfólks.

Með því að sýna samkennd og kærleika í verki berum við virðingu fyrir ólíkum þörfum innan skólans.

- **Samvinna**

Við vinnum saman með traust, gleði og jákvæðni að leiðarljósi.

Við höfum metnað til að vinna saman að eflingu þekkingar og fagmennsku í skólastarfinu.

Símenntunaráætlun

Menntunaráætlun skólans er uppfærð á hverju vori. Til viðbótar við það sem birtist hér geta dottið inn stutt
 þösluerindi og vinnustofur sem bjóðast yfir skólaárið.

Menntunaráætlunin er í takt við stefnu skólans, niðurstöður innra mats og jafnréttisstefnu.

[illegible]

Almennar upplýsingar

Skóladagatal

Skóladagatal skólans er birt á heimasíðu skólans en einnig má sjá það hér fyrir neðan:

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla: **Djúpavogsskóli**
Sumarorlof: 21.06 - 31.07

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 M	3 S
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F
5 Þ	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 M	6 L	6 M	6 Þ	6 L	6 Þ	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L
7 F	7 S	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 L	7 M	7 Þ	7 S
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 M	10 M	10 S
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 F	11 L	11 M
12 Þ	12 S	12 M	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 M
13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 M	14 F	14 S
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 M	15 Þ
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 M
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ	17 S	17 M	17 F
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 F	18 L	18 M
19 Þ	19 S	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 Þ
20 M	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 F	20 M	20 L
21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 S	21 S	21 M	21 M	21 Þ
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 M	23 F	23 F	23 M	23 M	23 S
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 M	24 M	24 F
25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 Þ
26 F	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 M	26 M	26 M	26 F	26 L	26 M
27 M	27 L	27 M	27 F	27 M	27 F	27 M	27 M	27 F	27 M	27 L
28 Þ	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 S	28 L	28 L	28 M	28 F	28 S
29 F	29 M	29 F	29 M	29 M	29 F	29 M	29 M	29 F	29 M	29 Þ
30 L	30 Þ	30 M	30 S	30 M	30 M	30 F	30 M	30 F	30 L	30 Þ
31 S	31 M	31 F	31 M	31 L	31 M	31 M	31 M	31 F	31 S	31 S

Dagsskipulag skólans

Skólinn opnar kl.07:50 alla virka daga.

Boðið er upp á hafnagraut fyrir nemendur og starfsfólk frá 07:50 – 08:00.

Kennsla hefst kl: 08:05 hjá öllum bekkjum en lýkur kl: 13:10 hjá yngsta stigi, kl. 14:00 á miðstigi og 14:20 á unglingastigi, þrjá daga í viku. Á unglingastigi er styttri skóladagur hjá nemendum tvisvar í viku en þá lýkur skóla 13:40 en á miðstigi lýkur skóla á föstudögum kl 13:35

Nemendum verður boðið að kaupa ávexti og grænmeti í áskrift.

Nemendur fara í frímínútur á tímabilinu 09:25-10:00.

o 1.-4.bekk 09:30-09:50 úti – 09:50-10:00 inni

o 5.-7.bekkur 09:35-09:55 úti – 09:55-10:00 inni

o 8.-10.bekkur 09:40-10:00. – í íþróttahúsi

Mið- og unglingastig fer í stutta útiveru 11:20-11:30

Matartímar nemenda eru á Hótel Framtíð frá 11:25 – 13:00.

Matartími í 1.-4.bekk 11:25-12:00.

Matartími í 5.-7.bekkur 12:00-12:30.

Matartími í 8.-10. bekk 12:30-13:00.

Kennarar eða stuðningsfulltrúar fylgja nemendum í mat.

Skólaliðar, stuðningsfulltrúar, kennarar og stjórnendur sinna frímínútnagæslu úti og inni.

Starfsmannafundur er fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá 14:20-15:50.

Fagfundir eru á þriðjudegi frá 14:20-15:50 (á móti starfsmannafundi).

Áhersla á starfsþróun á síðasta fagfundi í mánuði.

Teymisfundir eru á fimmtudögum 14:20-15:50.

Frístund - Lengd viðvera

Nemendum í 1. - 4. bekk stendur til boða lengd viðvera á Helgafelli frá kl. 13:10 – 16:00 gegn greiðslu. Skólastjóri ber ábyrgð á frístundastarfi á Helgafelli en um daglega umsjón sjá Barbara Ptak og Daniela Pfister. Hægt er að ná sambandi við starfsfólk frístundar í tölvupósti fristund.djupivogur@mulathing.is Verði breytingar á dvöl nemenda í frístund skal láta starfsfólk frístundar vita í símanúmer frístundar 895-8757. Einnig má hafa samband við Krístrúnu ritara í gegnum tölvupóst eða hringja í símanúmer skólans 4708710. Gjaldskrá er hægt að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Heimanám

Mikilvægt er að nemendur læri að temja sér skipulögð vinnubrögð heima sem og í skóla. Mikil áhersla er lögð á lestur og lesskilning með því að lesa í skóla og heima. Heimanám er sniðið að námsþörfum nemenda hverju sinni í samvinnu við fjölskyldur. Heimanám er birt nemendum á Mentor og þar geta foreldrar nálgast frekari upplýsinga um nám barna sinna.

Húsnæði – skólaíóð

Kennsla fer fram í aðalbyggingu skólans, Helgafelli sem er í göngufæri við skólann, íþróttahúsi og sundlaug sem eru á skólalóð. Skólalóðin er leiksvæði nemenda í frímínútum. Sparkvöllur er á skólalóð fyrir aftan íþróttahús auk klifurkastala. Endurbætur á skólahúsnæði og skólalóð ganga vel og fer senn að ljúka.

Móttaka nýrra nemenda

Öll börn sem verða 6 ára eiga að hefja nám í grunnskóla. Gott samstarf er milli grunn- og leikskólans, elsti árgangur leikskólans kemur í heimsóknir og í skólaviku að vori í Djúpavogsskóla og eru haldnir skilafundir í júní/ágúst þar sem deildarstjóri elstu deildar leikskólans hittir umsjónarkennara 1. bekkjar, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólastjórnnendur og fer yfir náms- og félagslega stöðu nemenda í verðandi 1.bekk. Þessir skilafundir eru haldnir með samþykki foreldra barnanna.

Þegar barn hefur nám við skólann t.d. vegna flutninga, hafa foreldrar samband við skólann. Skólastjóri, eða verkefnastjóri stoðþjónustu, ásamt viðkomandi umsjónarkennara hitta foreldra og nemanda og fara yfir mál. Rætt er um námslega og félagslega stöðu nemandans auk þess sem foreldrar og nýir nemendur fá upplýsingar um sérstöðu skólans, hefðir og venjur. Foreldrar geta skráð nemendur í skólann á heimasíðu Múlaþings.

Mjög mikilvægt er að upplýsingar úr fyrri skóla fylgi nemandanum í nýja skólann þannig að hægt sé að sinna barninu á sem bestan hátt.

Þegar nýr nemandi kemur í skólann er mikilvægt að allar upplýsingar berist fljótt til verðandi umsjónarkennara. Móttökuáætlun nýrra nemenda er að finna í skólanámskrá skólans og á heimasíðu skólans undir nám og kennsla.

Mötuneyti – nesti

Nemendum gefst kostur á fríum máltíðum í hádeginu. Forráðamenn þurfa að skrá nemendur í hádegismat. Matseðill hvers mánaðar er birtur á heimasíðu skólans.

Hægt er að skrá nemendur í fjölbreytta ávaxta- og grænmetisáskrift á kostnaðarverði. Ávextir og grænmeti er skorið niður og borið fram í allar bekkjarstofur, í síðustu kennslustund fyrir fyrstu frímínútur.

Leitast verður við að bjóða upp á fjölbreytt og gott hráefni og ávaxtagjald auglýst á heimasíðu skólans. Þeir nemendur sem ekki vilja kaupa ávexti/grænmeti í áskrift geta komið með eigið nesti að heiman. Æskilegt er að nestið sé samkvæmt ábendingum landlæknis; ávextir og grænmeti í forgrunni – gróft brauð og álegg og/eða mjólkurvara með lágu sykurinnihaldi.

[illegible]

Skólaakstur

Nemendum úr dreifbýli er keyrt í skólann að morgni. Nemendur úr dreifbýli hafa aðstöðu á Helgafelli eftir að skóladegi líkur og þar til skólabíllinn fer.

Skólareglur Djúpavogsskóla gilda í skólabílum. Þegar veður er tvísýnt tekur bílstjóri ákvörðun um hvort ekið verði með börn úr dreifbýli í skóla. Hann lætur foreldra vita ef ferð fellur niður vegna veðurs. Foreldrar og forráðamenn láta skólabílstjóra vita ef nemandi forfallast.

Reiðhjól

Djúpavogsskóli hvetur nemendur til að ganga eða hjóla í skólann. Þeir nemendur sem koma á reiðhjólum í skólann gera það á eigin ábyrgð. Forráðamenn bera ábyrgð á að börn þeirra noti hlífðarhálma, endurskinsmerki og ljós eins og lög gera ráð fyrir. Nemendur eru hvött til að nýta hjólagrindur og ganga vel um eigin hjól og annarra. Nemendur noti hjól/hlaupahjól/rafhlaupahjól einungis til að komast í og úr skólanum en ekki á skólatíma.

Fatnaður – skór og óskilamunir

Allir nemendur geyma útiskó við inngang skólans. Nemendur geyma útiföt í þar til gerðu fatahengi eða snögum (ekki inni í kennslustofum). Skólinn tekur ekki ábyrgð á fjármunum eða öðrum eigum nemenda. Nauðsynlegt er að merkja fatnað vel með nafni barns. Óskilamunir eru til sýnis á foreldradögum. Sé þeirra ekki vitjað eru þeir gefnir hjálparstofnunum í lok skólaárs.

Skólabækur – námsgögn

Nemendur fá námsgögn til afnota í skólanum. Múlaþing greiðir fyrir öll námsgögn og ritföng nemenda. Nemendur á yngsta- og miðstigi hafa aðgang að spjaldtölvum (Ipad) og nemendur á unglingastigi hafa aðgang að Chromebook's tölvum þegar þess þarf, ekki er gert ráð fyrir að nemendur komi með sín eigin tæki. Athugið að tölvuleikir eru einungis leyfðir hafi þeir ákveðin námsmarkmið og með leyfi kennara. Nemendur bera ábyrgð á námsgögnum sem þeir fá að láni og eiga að skila þeim í svipuðu ástandi og þau voru í við upphaf útláns. Tapist námsgögn geta foreldrar þurft að greiða kostnað sem af því hlýst.

Skólabókasafn/héraðsbókasafn

Héraðsbókasafnið er staðsett í skólanum og er opnunartími sérstaklega auglýstur á heimasíðu Múlaþings.

Barna og unglingabækur eru aðgengilegar á gangi skólans og geta nemendur sótt sér bækur alla daga milli 8:05 - 15:00. Hver nemandi á útlánskort sem varðveitt er á bókasafninu. Nemendur geta fengið aðgang að rafbókasafni í gegnum skólabókasafnið. Innkaupastefna skólabókasafnsins tekur mið af Byrjendalæsi.

Viðbrögð við óveðri

Foreldrar og forráðamenn verða að meta aðstæður í vondu veðri og ákveða hvort að halda skuli nemendum heima eða senda þau í skólann. Ef fella þarf niður skólastarf er það auglýst á heimsíðu skólans og tilkynnt með tölvupósti eins fljótt og kostur er.

Útivistartími

Frá 1. september til 1.maí mega börn 12 ára og yngri vera úti til kl. 20:00 en 13 – 16 ára til kl. 22:00. Þó má bregða út frá þessum reglum þegar börn eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Miðað er við fæðingarár.

Gestanemendur

Ef óskað er eftir að nemandi komi tímabundið í námsheimsókn skal senda erindi á skólastjóra og slíkar umsóknir eru metnar hverju sinni. Nemendur sem koma í námsheimsókn skulu hafa með sér námsgögn og verkefni úr heimaskóla.

Skólareglur

Um skólareglur

Í reglugerð nr.1040/2011 um skólareglur er kveðið á um að skólareglur skuli vera skýrar og afdráttarlausar og í samræmi við aðalnámskrá og lög um grunnskóla. Í þeim er kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms, heilbrigðar og hollar lífsvenjur og réttindi og skyldur.

Í reglunum á að koma skýrt fram hvernig skólinn ætlar að bregðast við brotum á þeim.

Í Djúpavogsskóla er lögð áhersla á að byggja upp skólabrag sem einkennist af vinsemd og virðingu.

Skólareglur Djúpavogsskóla voru endurskoðaðar skólaárið 2022-2023 og teknar fyrir á skólaþingi vorið 2023.

Niðurstöður voru að halda í þær góðu reglur sem til staðar eru en setja þær fram með einfaldari hætti, hafa sýnilegri og fylgja betur eftir.

Skólareglur Djúpavogsskóla eru í anda Uppbyggingarstefnunnar og viðbrögð taka mið af viðbragðskerfi um hegðun og framkomu (afleiðingakerfi).

Hlutverk skólans er að:

- Hlúa að öruggu námsumhverfi
- Vinna eftir skýru verklagi varðandi meðferð agamála með það að leiðarljósi að:
- hjálpa einstaklingum að læra af þeim mistökum sem þeir gera varðandi hegðun og samskipti
- hjálpa þeim að líta í eigin barm og ná betri stjórn á eigin hegðun
- styrkja þá í að takast á við mistök sín á uppbyggilegan hátt

Sáttmáli/skólareglur: Gildir í öllu starfi skólans, frímínútum, íþróttahúsi, Helgafelli, mótuneyti, skólabíl- og skólaferðalögum. Við alvarleg og ítrekuð brot getur nemandi verið vísað úr skóla á meðan mál hans er í vinnslu. Líkamlegar refsingar eru óheimilar. Starfsmönnum skóla er óheimilt að beita aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í tilvikum sem þessum skal ávallt greina foreldrum/ forráðamönnum tafarlaust frá málavöxtum. Eineltismál og önnur ofbeldismál eru umsvifalaust tekin fyrir.



Skólasókn og leyfisveitingar:

Hlutverk foreldra

Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna.

Foreldrar sjá til þess að nemendur mæti á réttum tíma í skólann með þau gögn sem ætlast er til.

Foreldrar upplýsa skólann um breytingar á högum nemandans þannig að skólinn geti brugðist sem best við.

Leyfi í 1-2 daga skal sækja um til umsjónarkennara, símleiðis, með tölvupósti eða í gegnum Mentor.

Leyfi í 3 daga eða fleiri skal sækja um til skólastjóra á þar til gerðu eyðublaði eða í gegnum Mentor.

Skólinn leggst eindregið gegn því að nemendur fái undanþágu frá skólasókn nema það sé mjög brýnt. Fari óútskýrð skólasókn nemenda undir 85% er litið svo á að um brot gagnvart barninu sé að ræða og ber skólastjóra að tilkynna barnavernd um málið.

Foreldrar eða forráðamenn bera ábyrgð á að nemandinn vinni upp það sem hann tapar úr námi vegna fjarveru.

Tilkynna þarf veikindi við upphaf skóladags en hægt er að hringja í síma 470-8710, senda póst eða skrá veikindi í gegnum Mentor. Tilkynna þarf veikindi daglega vari þau lengur en einn dag.

Viðmið um skólasókn hafa verið samræmd milli skóla í Múlaþingi og má sjá hér til hliðar sem og á heimasíðu skólans.

Tilhögun kennslu

Bekkjarskipan

Hefð er fyrir samkennslu í Djúpavogsskóla. Skólanum er skipt í þrennt eftir stigum; yngsta stig, miðstið og unglingastig. Fjöldi í hverri bekkjardeild er misjafn milli ára en skólaárið 2025-2026 eru 71 nemandi í skólanum. Samkennsluformið hefur marga kosti sem starfsmenn skólans reyna að nýta sem best. Nemendur fá skiptistundir í ákveðnum fögum, t.d. í list- og verkgreinum, íþróttum og sundi en einnig í grunnfögunum eins og íslensku og stærðfræði.

Kennsla er skipulögð skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðunarstundaskrá liggur til grundvallar. Markmið og innihald kennslunnar er sett fram annars vegar í kennsluáætlun sem unnin er í Mentor og foreldrar hafa aðgang að þar og í einhverjum tilfellum í viku-/ dagsáætlunum sem foreldrum og nemendum eru kynntar ýmist á Mentor eða í sérstökum heimanámsbókum.

VIÐMIÐ VEGNA SKÓLASÓKNAR Í GRUNNSKÓLUM MÚLAÞINGS

Miðað skal við eftirfarandi viðbrögð og styðjast við viðmið um fjölda veikinda og /eða leyfisdaga við hvert þrep. Mikilvægt er að viðbrögðin séu ávallt skoðuð út frá stöðu hvers nemenda.

1. 7 - 9 DAGAR

Umsjónarkennari upplýsir foreldra um skólasókn nemanda.

2. 10 - 15 DAGAR

Umsjónarkennari boðar til fundar með forsjáraðila. Ástæður fjarvista eru ræddar og mögulegar úrbætur.

3. 16 - 20 DAGAR

Umsjónarkennari boðar til fundar með forsjáraðilum og skólastjórnendum. Vandinn er greindur og úrræði til úrbóta rædd. Gerður er skriflegur samningur til 3 - 4 vikna.

4.

Gangi ekki betur á samningstíma er málinu, með samþykki forsjáraðila, vísað í þjónustu Austurlandslíkansins sem er þverfaglegt teymi fjölskyldusviðs, skóla og heilsugæslu. Í teyminu er leitað úrræða með forsjáraðilum og skóla.

5.

Náist ekki árangur tilkynnir skólastjóri skólasókn nemanda til barnaverndar.



Múlaþing

Útfærsla Djúpavogsskóla á viðmiðunarstundaskrá

Reynt er eftir fremsta megni að fylgja viðmiðunarstundaskrá Menntamálaráðuneytis án þess þó að tapa sérkennum skólans.

	Yngsta		Mið		Unglinga	
Námsgreinar - Námsgreinar	per. stig	per nem.	per stig.	per nem.	per stig.	per nem.
Íslenska	1120	280	680	227	630	210
Erlend tungumál	80	20	460	153	840	280
List- og verkgreinar	900	225	840	280	340	113
Náttúrugreinar	420	105	340	113	360	120
Skólaíþróttir	480	120	360	120	360	120
Samfélagsgreinar	580	145	600	200	360	120
Stærðfræði	800	200	600	200	600	200
Upplýsinga- og tæknim.	120	30	160	53	80	27
Til ráðstöfunar / val	300	75	160	53	870	290
Samtals	4800	1200	4200	1400	4440	1480

Í stundaskrá nemenda er nánari útfærsla á viðmiðunarstundatöflu skólans, þær eru aðgengilegar foreldrum og nemendum á heimasvæði foreldra og nemenda á Mentor.is. Ef breytingar verða á stundartöflum eru foreldrar upplýstir í tölvupósti. Reynt er eftir fremsta megni að hafa stundatöflur á Mentor réttar. Sjá hérna: <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-12-skolanamskra-og-starfsaaetlun-skola>

Valgreinar

Á hverju ári gefst nemendum á unglingastigi kostur á að velja sér valáfanga sem eru misjafnir milli ára. Sem dæmi má nefna að annað hvert ár er reynt að bjóða upp á valgrein starfskynning þar sem unnið er í samstarfi með fyrirtækjum og stofnunum bæjarins. Einnig er lögð áhersla á að valgreinar séu list- og verkgreinatengdar en nauðsynlegt er að taka mið af starfsmannahópnum hverju sinni.

Kennsluáætlani

Skv. aðalnámskrá grunnskóla ber kennurum að gera námskrá í þeim greinum sem þeir kenna. Kennsluáætlanir eru birtar foreldrum á Mentor.

Kennsluáætlanir ná í flestum tilfellum yfir heila önn en undantekningar eru á því t.d. í Byrjendalæsi. Kennsluáætlanir eru settar upp eftir hugmyndafræði Leiðsagnarnáms.

Umsjónarkennarar við Djúpavogsskóla

Umsjónarkennarar skipa lykilhlutverk í samskiptum heimilis og skóla. Hlutverk þeirra er að

- gæta hagsmuna umsjónarnemenda sinna innan skólans og leitast við að hafa ætíð sem besta vitneskju um nám þeirra og líðan.
- vera tengiliður skólans við heimili umsjónarnemenda.
- fylgjast með og skrá skólasókn og annað sem máli skiptir.
- hafa umsjón með bekkjarkvöldum.
- sjá til þess að umgengni um umsjónarstofu sé til fyrirmyndar.

Forföll kennara

Þegar kennari forfallast er það leyst með forfallakennslu, eins og hægt. Reynt er að fella ekki niður kennslu fyrir hádegi en það getur komið upp sú staða að fella þurfi niður kennslu eftir hádegi í 5.-10. bekk, ef ekki verður hjá öðru komist. Nemendur í 1.-4. bekk eru ekki sendir heim. Kennsla er ekki felld niður nema með leyfi skólastjóra og umsjónarkennarar og/eða stjórnendur upplýsa foreldra með tölvupósti.

Mentor.is

Mentor er upplýsingakerfi milli heimilis og skóla og heldur utan um framvindu náms. Foreldrar og nemendur geta nálgast lykilorð inn á heimasíðu www.infommentor.is. Mikil áhersla er lögð á að foreldrar skoði hæfnikort nemenda reglulega, framgang í námi, ástundun, geti fengið og senda skilaboð o.m.fl.

Kennarar skrá ástundun, skólasókn, heimanám o.fl. inn í þetta kerfi.

Námsmat

Við Djúpavogsskóla er námsmat fjölbreytt og reynt að hafa leiðsagnarmat í forgrunni þar sem nemendur fá leiðsögn í gegnum námið og eru metnir jafnóðum. Engir sérstakir námsmatsdagar eru í skóladagatali en nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir önnina í hæfnikortum þeirra á Mentor sem aðgengilegt er foreldrum og nemendum.

Framvindueinkunn: Fyrir nemendur í 1.-3., 5.-6., 8.-9. Bekk. Framvindueinkunn segir til um almennt gengi nemandans í faginu.

Lokamat/Hæfnimat: Fyrir nemendur í 4., 7. og 10.bekk. Lokamatið er gefið í bókstöfum samkvæmt matsviðmiðum Aðalnámskrár. Lokamatið segir til um hvort hæfni sé náð í viðkomandi fagi, hvort nemandi sé á góðri leið, þarfnist þjálfunar eða sé í hættu á að ná ekki lágmarksviðmiðum. Hægt er að sjá á hæfnikorti hvaða hæfniviðmið liggja að baki lokamati. Stoðþjónusta metur, í samstarfi við kennara, hvort að inngrips sé þörf hjá þeim nemendum sem fá „þarfnast þjálfunar“ eða „í hættu að ná ekki lágmarksviðmiðum“.

Samskiptadagar

Á samskiptadegi gefst foreldrum kostur á að eiga samtal með sínu barni og umsjónarkennara um bætt samskipti, ræða nám barnsins síns og taka þátt í að gera áætlun til úrbóta. Eins geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali þegar þeir vilja. Gagnkvæmur trúnaður milli foreldra og starfsfólks er forsenda þess að barninu líði vel. Reglubundnar upplýsingar um barnið heima og í skólanum eru mjög nauðsynlegar. Mikilvægt er að foreldrar láti vita þegar um breytingar er að ræða á höfum barns og að upplýsingar berist frá skólanum til heimila.

Google Classroom

Lögð er áhersla á að nota námsumhverfið Google Classroom í verkefnavinnu nemenda. Þar geta nemendur unnið og skilað verkefnum beint til kennara, auk þess sem Google Classroom er gagnvirk leið til samtals nemenda og kennara. Google Classroom er góður vettvangur fyrir foreldra að fylgjast vel með námi barna sinna. Notast er við

Chromebooks hjá nemendum í 8.-10.bekk en nemendur í 1.-7.bekk hafa aðgang að ipöddum. Í netöryggismálum er notast við Securly.

Tónlistarskóli Djúpavogs

Tónlistarskóli Djúpavogs er deild innan Djúpavogsskóla og starfar eftir stefnu hans. Markmið skólans er að gefa nemendum tækifæri til að auka hæfni sína til að flytja og skapa tónlist, hlusta og njóta m.a. með því að þjálfa tóneyra og einbeitingu. Leitast er við að efla nemendur þannig að þeir geti iðkað tónlist upp á eigin spýtur og tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Lögð er áhersla á samspil og að nemendur læri að koma fram og taka virkan þátt í tónlistarflutningi.

Skólinn leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám þar sem þarfir nemandans eru hafðar að leiðarljósi og kennsla hvílir á faglegum grunni.

Starf tónlistarskólans er sýnilegt í samfélaginu og er skólinn virkur þátttakandi í menningarlífi í sínu nærumhverfi. Nemendur skólans taka þátt í jóla- og vortónleikum sem skráðir eru á skóladagatal.

Þess utan eru foreldrar boðaðir á styttri tónfundi sem haldnir eru í kennslurými tónlistarskólans sem staðsett er á Helgafelli, í göngufæri við grunnskólann.

Síðasti vetrardagur er tónlistardagur og býður upp á tengingu við utandagskrá Hammondhátíðar.

Nemendur sækja um skólavist í gegnum rafrænt skáningarkerfi.

Reikningar frá tónlistarskólanum eru sendir út fyrir hvora önn. Skólagjöld fást ekki endurgreidd þótt að nemandinn hætti. Endurgreiðsla skólagjalda fæst aðeins ef um langtímaveikindi nemanda eða kennara er að ræða. Gjaldskrá Tónlistarskólans er birt á heimasíðu Djúpavogsskóla. Skóladagatal tónlistarskólans fylgir skóladagatali grunnskólans.

Skipulag kennslu í tónlistarskólanum tekur mið af stundatöflu nemenda grunnskólans.

Ráð og nefndir

Fræðslunefnd

Fjölskylduráð Múlaþings fjallar um málefni skólans en fræðslustjóri Múlaþings hefur m.a. það hlutverk að:

Sjá til þess að öll börn í skólahverfinu njóti lögbundnar fræðslu við þær aðstæður sem lög gera ráð fyrir

Sjá um að skólanum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu í samræmi við lög

Sjá um að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar útbúnaður

Gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur

Skólaráð

Skv. grunnskólalögum skal starfa skólaráð við grunnskólann.

Hlutverk skólaráðs er að:

- Fjalla um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið
- Fjalla um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar
- Taka þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið
- Fylgjast með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda
- Fjalla um skólareglur og umgengishætti í skólanum
- Fjalla um erindi frá fræðslunefnd sveitarfélagsins, foreldrafélagi, starfsmannafundum, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti og öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari

málgrein og veitir umsögn sé þess óskað

- Tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Skólaráð er samráðsveittvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Það tekur þátt í stefnumörkun og mótun sérkenna skólans. Skólaráð er skipað fulltrúum kennara, annarra starfsmanna, foreldra, nemenda og grenndarsamfélags. Skólastjóri boðar fundi.

Skólaráð 2025-2027

Þorbjörg Sandholt, skólastjóri

Helga Björk Arnardóttir, fulltrúi kennara

María Dögg Línberg, fulltrúi kennara

Barbara Ptak, fulltrúi almenns starfsfólks

Heiða Guðmundsdóttir, fulltrúi úr stjórn foreldrafélags

Puríður Elísa Harðardóttir, fulltrúi foreldra

Bergþóra Birgisdóttir, fulltrúi nemenda 10.bekkur

Pétur Stefán Jónsson, fulltrúi nemenda 9.bekkur

Ásdís Elísa Jónsdóttir, fulltrúi nemenda 9.bekkur

Mikael Snjólfsson, fulltrúi nemenda 9.bekkur

Anna Sigrún Gunnlaugsdóttir, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu.

Matsnefnd 2025 – 2027

Þórdís Sævarsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Jóhanna Reykjalín, fulltrúi kennara

Daniela Pfister, fulltrúi almenns starfsfólks

Kristján Ingimarsson, fulltrúi foreldra

Aron Elísson, fulltrúi nemenda 8.bekk

Eyrún Stína Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda 10.bekk

Katrín Salka Brynjólfssdóttir, fulltrúi nemenda 8.bekk

Sigurður Baldursson, fulltrúi nemenda 8.bekk

Austurlandsteymið/Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að fylgjast sérstaklega með nemendum sem af einhverjum ástæðum líður illa eða eiga í einhverjum erfiðleikum í skólanum. Nemendaverndarráð Djúpavogsskóla er starfrækt í tengslum við Austurlandslíkanið. Helstu áherslur í verklaginu eru snemmtæk inngrip, forvarnir og samvinna í teymi úti í skólum með áherslu á samstarf ólíkra fagstétta og stofnana. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu og þátttöku einstaklinga við ákvarðanatöku í eigin málum. Innan teymisins starfa félagsráðgjafar, þroskajálfi og skólahjúkrunarfræðingur.

Í nemendaverndarráði sitja:

Þorbjörg Sandholt, skólastjóri

Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri stoðþjónustu.

Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir þroskajálfi.

Eygló Valdimarsdóttir skólahjúkrunarfræðingur.

Austurlandsteymið er þverfaglegt samstarf félagsþjónustu, heilsugæslu og skóla á Austurlandi. Markmið með starfi teymisins er að einfalda og flýta fyrir aðstoð til nemenda og foreldra, samhliða því að vera stuðningur fyrir starfsfólk skóla og samhæfa aðgerðir. Teymið hefur viðveru í skólanum einu sinni í mánuði.

Nemendafélag

Nemendaráð starfar í grunnskólanum. Það er skipað fulltrúum úr 8.-10. bekk en nemendur 7.-

10. bekkjar hafa kosningarétt. Hlutverk þess er m.a. að gæta að hagsmunum nemenda í skólanum auk þess að skipuleggja félagsstarfið.

Nemendaráð 2025 - 2026

Kjósa, formaður.

Pétur Stefán

Eyrún Stína

Kjósa, meðstjórnandi.

Varamenn:

Kjósa tvo varamenn

Skólaskrifstofa Múlaþings

Djúpavogsskóli hefur aðgang að ráðgjöf og þjónustu frá Skólaskrifstofu Múlaþings. Boðið er upp á þjónustu talmeinafræðings, sálfræðings, kennsluráðgjafa og fleira fagfólks. Bæði forráðamenn og starfsfólk skólans geta haft frumkvæði að því að leita eftir þjónustu til skrifstofunnar.

Skólahjúkrunarfræðingur

Eygló Valdimarsdóttir er skólahjúkrunarfræðingur Djúpavogsskóla. Hún er með viðveru á bókasafni skólans einu sinni í viku og sinnir fræðslu samkvæmt fræðslustefnu heilsugæslunnar.

Ef barn þarf á lækniáðstoð á skólatíma er haft samband við vakthafandi lækni og foreldrar eru upplýstir eins fljótt og hægt er. Börn í Djúpavogsskóla eru slysatriggð. Tryggingin gildir á viðverutíma barnsins í skólanum og á skólaferðalögum.

Áfallaráð - viðbrögð við áföllum

Í áfallaráði sitja ávallt skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og fulltrúi úr stoðteymi eða kennara.

Undir áætlun þessa falla einungis stærri áföll s.s.

- Dauðsfall innan skólans, hjá nemenda eða starfsmanni.
- Alvarleg, lífshættuleg veikindi nemenda eða starfsmanna.
- Stærri slys innan skólans hjá nemenda eða starfsmanni þar sem hann kallar á lækni og /eða sjúkrabíl.
- Dauðsfall í nánustu fjölskyldu nemenda.
- Hópslys innan sveitarfélagsins þar sem nokkur fjöldi manna slasast eða lætur lífið.
- Náttúruhamfarir í eða nærri heimabyggð.
- Veikindafaraldur í eða nærri heimabyggð.

Áfallaáætlun skólans er að finna á heimasíðu skólans.

Meðferð eineltismála

Stefna gegn einelti er mótuð til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og

félagslegri einangrun í skólanum, til að styrkja jákvæðan skólabrag, tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar.

Stefnu skólans gegn einelti er að finna á heimasíðu skólans.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun í Djúpavogsskóla tekur til nemenda og starfsmanna. Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framar öðru góðan starfsanda. Jafnréttisáætlun má finna á heimasíðu skólans.

Rýmingar- og eldvarnaráætlun

Mikilvægt er að starfsfólk og nemendur æfi reglulega viðbrögð við rýmingu skólans. Unnið er að rýmingaáætlun í samstarfi við Brunavarnir Austurlands.

Samstarf og nærumhverfi

Samstarf leik- og grunnskóla

Skólarnir vinna í sameiningu að skipulagi fyrir heimsóknir á hverju hausti og tekur mið af fjölda nemenda í elsta árgangi leikskólans og fyrsta bekk grunnskólans ásamt skóladagatali skólanna. Skólaárið 2025-2026 eru 7 nemendur í leikskóla í skólastarfi. Þeir munu heimsækja skólann skv. Skipulagi sem skólinn gerir í samstarfi við leikskólann. Einnig mun nemandi 1. bekkjar heimsækja leikskólann, taka þátt í leikskólastarfinu og rifja upp góðu stundirnar þar.

Samstarf við framhaldsskóla

Einnig er gott samstarf við framhaldsskóla þegar nemendur ljúka skólagöngu eða stunda fjarnám og fer 10. bekkur í heimsókn bæði í Menntaskólann á Egilsstöðum og Verkmenntaskólann Austurlands í Neskaupsstað.

Foreldrafélagið

Í foreldrafélagi Djúpavogsskóla starfa fulltrúar foreldra úr öllum bekkjum/stigum, auk þess sem einn starfsmaður skólans er tengiliður við skólann. Markmið foreldrafélagsins er að styrkja samvinnu milli heimilis og skóla auk þess að stuðla að ýmsum uppkomum yfir skólaárið.

Gott foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í starfsemi hvers skóla og reynum við að leggja okkur fram við að koma til móts við þarfir foreldra eins og mögulegt er en sameiginlegt markmið er fyrst og fremst hagur hvers barns. Foreldrafélagið vinnur mikilvægt starf fyrir skólasamfélagið með því að skipuleggja viðburði, styrkja skólann með kaupum á tækjum og tólum ásamt því að bjóða upp á fræðslu fyrir nemendur.

Ungmennafélagið Neisti

Skólinn og Ungmennafélagið Neisti hafa alltaf átt mjög gott samstarf. Nemendur grunnskólans stendur til boða að taka þátt í íþróttatímum á vegum Neista, að loknum skóladegi.

Samstarf grunn- og tónlistarskólans og Hótel Framtíðar

Matsalur skólans er staðsettur á Hótel Framtíð.

Viðburðir á vegum skóla eru haldnir í góðu samstarfi við Hótel Framtíð og þar má helst nefna árshátíð skólans.

Félagsþjónusta Múlapings

Gott samstarf er við félagsþjónustu Múlapings. Starfsfólk skólans fer eftir lögum um barnavernd. Óski foreldrar

eða forráðamenn eftir viðtali við starfsmenn félagsþjónustu er hægt að panta tíma beint í síma 470–0700.

Stoðþjónusta Djúpavogsskóla

Í Djúpavogsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám. Áhersla er að nemendur geti nálgast viðfangsefnið á fjölbreyttan og ólíkan hátt og læri að taka ábyrgð á eigin námi. Aukin áhersla verður lögð á að aðstoða nemendur með íslensku sem annað tungumál. Stoð- eða stuðningsþjónusta er ein þeirra leiða sem notuð er til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu hvers og eins. Stoð- og stuðningskennsla byggir á greiningum sem unnin er af sérkennara eða öðrum sérfræðingi, mati umsjónarkennara og upplýsingum frá foreldrum.

Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir er verkefnastjóri stoðþjónustu og tengiliður við Austurlandsteymið og innleiðingu farsældarlaga barna.

Hefðir og venjur í Djúpavogsskóla

Skólasetningarviðtöl: Fara fram að hausti og þar fá nemendur að hitta umsjónarkennara og aðra starfsmenn. Góður vettvangur til að ræða veturinn framundan.

Listasýning í heimabyggð: Nemendur og kennarar ganga saman á sýningu Rúllandi Snjóbolta eða sýningu ArsLonga.

Gestadagar: Löng hefð er fyrir gestadögum í Djúpavogsskóla en á þeim dögum eru nemendur hvattir til að bjóða gestum í heimsókn. Gestadagar eru merktir á skóladagatal.

Haustganga: Nemendur og starfsfólk fara saman í haustgöngu þegar vel viðrar. Foreldrar eru velkomnir með.

Dagur íslenskrar náttúru: Dagur Íslenskrar náttúru er 16.september ár hvert. Á þessum degi leggur Djúpavogsskóli áherslu á náttúrufræði og útinám.

Cittaslow-Sunnudagur: Fulltrúi frá Djúpavogsskóla tekur þátt í Cittaslow sunnudegi ef aðstæður leyfa. Nemendur í 7.bekk standa fyrir fjáröflun í tengslum við skólagarðana í samstarfi við foreldra.

Dagur íslenskrar tungu: Er 16.nóvember ár hvert. Þá vinna nemendur verkefni sem tengjast Degi íslenskrar tungu á einhvern hátt og markar þessi dagur einnig upphafið að Stóru-upplestrarkeppninni hjá 7.bekk

Ólympíuhlaup ÍSí: Íþróttakennari hefur umsjón með hlaupinu og allir nemendur skólans hlaupa mislangar vegalengdir. Foreldrum og starfsfólki er velkomið að hlaupa með. Fer fram á góðviðrisdegi að hausti til.

Göngum og hjólum í skólann: Löng hefð er fyrir því að nemendur taki þátt í þessum verkefnum.

Leikjadagar: Leikjadagar hétu áður keppnis dagar. Nemendur taka þátt í ýmsum leikjum, þvert á bekk. Leikjadagar eru nú haldnir á öskudegi.

Plokkdagur: Nemendur skólans skipta með sér svæðum á Djúpavogi og hreinsa vel nærumhverfið.

Dagar myrkurs: Búningadagur og áhersla á þjóðsögur.

Jólahald og jólaskemmtanir: Nemendur halda stofujól með sínum umsjónarkennara. Foreldrafélagið hefur sum árin staðið fyrir jólaföndri og jóladansleik.

Þrettándinn: Nemendur og foreldrar barna í 5.bekk sjá um þrettándagleði. Gerðar eru álfahattar/kórónur og/eða grímur/skikkjur í skólanum. Foreldrar skipuleggja göngu og brennu utan skólans og sjá um að auglýsa.

Árshátíð: Allir nemendur skólans taka þátt í að setja upp söngleik/leikrit sem sýnt er á Hótel Framtíð. Hefð hefur myndast um að nemendur 10.bekkjar velji árshátíðar þema í samstarfi við skólastjóra.

Stóra upplestrarkeppnin: 7. bekkur tekur þátt í stóru upplestrarkeppninni sem hefst formlega á degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember. Djúpavogsskóli er í samstarfi við Grunnskólann á Höfn í þessu verkefni.

Bras: Djúpavogsskóli hefur tekið þátt í Barnamenningarhátíð Austurlands síðan það verkefni hófst fyrir nokkrum árum.

Öskudagur: Er skertur dagur, nemendur og starfsfólk mætir í búningum og skipuleggja skemmtun í

íþróttahúsinu.

Vordagar: Á vordögum er áhersla á útikennslu, uppbot og vettvangsferðir nemenda. Gert er ráð fyrir að 4. og 7.bekkur fari í styttri ferðalög og 10.bekkur í útskriftarferð. Gert er ráð fyrir fjáröflun nemenda yfir veturinn.

Skólaslit: Skólaslit fara fram í Djúpavogskirkju. Skólastjóri og útskriftarnemendur í 10. bekk skipuleggja skólaslitin saman. Skólastjóri útskrifar nemendur úr 10. bekk með formlegum hætti, allir útskriftarnemendur fá gjöf frá skólanum og nemendur flytja útskriftarræðu. Umsjónarkennarar afhenda nemendum skólans möppu með vitnisburði. Danska sendiráðið veitir viðurkenningu fyrir bestan námsárangur í dönsku. Síðustu ár hefur myndast sú hefð að útskriftarárgangur bakar vöffur handa samnemendum og kennurum skólans að morgni útskriftardags.

Fréttabréf: Síðustu ár hefur myndast sú hefð að skólastjóri sendir foreldrum og starfsfólki rafrænt fréttabréf í lok hverrar viku.

Á döfinni

Dagur vetraríþróttar: Áhersla á vetraríþróttir og að stuðla að góðu útinámi, dagsetning fer eftir veðri.

Starfsáætlun er unnin af stjórnendum og yfirfarin af starfsfólki áður en hún er birt á heimasíðu skólans.

Þorbjörg Sandholt Skólastjóri Djúpavogsskóla